



Alþýðusamband Íslands

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/413**  
**komudagur 27.11.2013**

Nefndarsvið Alþingis  
við Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21.11.2013  
Tilvísun: 201311-0033

**Efni: Raforkusæstrengur til Evrópu**

Til umsagnar er skýrsla ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu. Afstaða ASÍ til málsins byggir á stefnu ASÍ í atvinnumálum en í henni segir m.a. að „*Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframárði sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur)*“.

ASÍ telur mikilvægt að næstu skref feli í sér að fela starfshópum að kanna ítarlega afmarkaða þætti framkvæmdarinnar með áherslu á möguleg áhrif á vinnumarkað og ólíkar atvinnugreinar en ljóst er að hækkun raforkuverðs á Íslandi til jafns við verð á Evrópumarkaði fæli í sér miklar breytingar fyrir heimili og á starfsumhverfi atvinnugreina. Þetta á sérstaklega við þær greinar sem byggja samkeppnishæfni sína að miklu leyti á orkuverði og því mikilvægt að þau áhrif verði kortlögð og mögulegar mótvægisáðgerðir skoðaðar. Einnig telur ASÍ mikilvægt að samhliða greiningu á þessum þáttum verði mótuð stefna um hvernig auðlindarentu verði ráðstafa til íslensku þjóðarinnar.

Virðingarfyllt,  
Róbert Farestveit  
Hagfræðingur hjá ASÍ,